




Reykjavík, 3. október 2024

USK24070208

## Rauðagerði 25 – Fyrirspurn til skipulagsfulltrúa

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 26. september 2024 var lögð fram fyrirspurn Handverkshússins ehf., dags. 18. júlí 2024, ásamt bréfi, dags. 18. júlí 2024, um og að setja upp LED auglýsingaskilti á útveggi handverkshússins á lóð nr. 25 við Rauðagerði. Einnig er lögð fram yfirlitsmynd sem sýnir fjarlæggð frá akbraut



Aðalskipulag Reykjavíkur 2040



Götumynd tekin af Já.is

### Skipulag í gildi

Aðalskipulag: Í gildi er Aðalskipulag Reykjavíkur 2040, samþykkt í borgarstjórn Reykjavíkur þann 19. október 2021 og birt í B-deild stjórnartíðinda þann 18. janúar 2022. Skv. aðalskipulaginu tilheyrir lóðin og byggingin á Rauðagerði 25 borgarhluta 5 Háaleiti- Bústaðir og er á skilgreindu verslunar og þjónustusvæði Vþ43 Rauðagerði.

Deiliskipulag/ Hverfisskipulag: Ekkert deiliskipulag er á svæðinu og þarf því að grenndarkynna allar byggingarleyfisskyldar framkvæmdir.

### Umsögn

Húsið á lóð nr. 25 við Rauðagerði er atvinnuhúsnaði byggt árið 1982 skv. fasteignaskrá. Óskað er eftir afstöðu skipulagsfulltrúa á að fá að koma fyrir LED auglýsingaskilti á norðurhlið hússins, sem snýr út að Miklubraut. Stærð skjáa á húsinu er 6 m x 3.5 m, þ.e. 21 m<sup>2</sup>.

Í samþykktum skilti í Reykjavík segir um starfræn skilti á verslunar- og þjónustusvæðum:

„Starfræn skilti með ljósmyndum, kyrrum auglýsingum sem skiptast á (þjónustuskilti og auglýsingaskilti) eru heimiluð, en skulu fylgja almennum ákvæðum um birtustig og hreyfingu. Hámarksstærð 0,5m<sup>2</sup>.“

EKKI er heimilt að setja upp stafrænt skilti á húsið að Rauðagerði 25 þar sem að það er staðsett á.

### Niðurstaða

- Gerðar eru skipulagslegar athugasemdir við uppsetningu stafræns skiltis á húsinu að Rauðagerði 25, samræmist ekki samþykktum skilti í Reykjavík.

f.h. skipulagsfulltrúa Reykjavíkur

Birgitta Rut Skúlad. Hjörvar

verkefnastjóri